



Fundargerð nr. 27

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Þriðjudagur 5. nóvember 2024
Fundartími:	8:00-10:00
Fundarmenn:	Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Sveinn Orri Einarsson, varamaður fyrir Harald Einarsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Árni Eiríksson oddviti fundinn
Börkur Brynjarsson ráðgjafi sat undir lið
Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna sat undir lið

Heimir Bjarkason stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Staða verkefna hjá ráðgjafa í vatnsveitu

a) Staða í Brandshúsum

Börkur Brynjarsson fór yfir stöðu mála í Brandshúsaahverfinu.

Klára þarf að mynda lagnirnar og fá heildarsýna á kerfið upp á framtíðina.
Sveitarfélagið sendi svo tilmæli til íbúa sem byggist á því hvað kemur út úr því.

Klára þarf verk við rotþrær í haust og setja brunna fyrir framan rotþrærnar.

Klára svo framkvæmdir í vor sem eru inni á lóðum.

Sveitarstjórn skoði að gera gjaldskrá fyrir fráveitugjöld.

Berki Brynjarssyni falið að vinna málið áfram.

b) Verksamningur Huldu- og Maríuhólar

Börkur Brynjarsson mun hafa samband við framkvæmdaaðila vegna kostnaðar við samtengingar. Miðað við drög að kostnaðarskiptingu þá er kostnaður við lagnaskurð í kringum 8 milljónir. Búið er að innheimta vegna 5 tenginga vegna vatnsveitu.

Börkur Brynjarsson klárar að setja upp verksamninginn og Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri mun svo undirrita fyrir hönd Flóahrepps.

c) Kortlagning vatnsveitu

Börkur Brynjarsson kynnti lauslega kortagrunninn Gagnaland.

Framkvæmda- og veitunefnd óskar eftir frekari kynningu í nóvember eða desember.

d) Staða vegna fjárfestinga 2024



Um 5 milljónir munu fara í eftirlitskerfið og ljósleiðarateningar fyrir árslok. Flokkast sem fjárfesting í vatnsveitunni.

Hægt að reikna með um 10 milljónum fyrir árslok í undirbúning á framkvæmd við dæluskúr (skipulagsmál, teiknivinna, dælur). Flokkast sem fjárfesting í vatnsveitunni.

Börkur Brynjarsson er búinn að setja af stað vinnu við hönnun fyrir dæluskúr við Þjóðveg 1. Sveitarstjóri setur af stað mál vegna stofnunar lóðar undir dæluskúr í samráði við skipulagsfulltrúa og landeiganda.

2. Fjárhagsáætlun 2025 vatnsveita

- Framkvæmda- og veitunefnd kallar eftir kostnaðaráætlun frá Berki Brynjarssyni fyrir næsta ár og næstu þrjú ár þar á eftir skv. verkefnalista og forgangsröðun frá 26. fundi nefndarinnar.*
- Oddviti og sveitarstjóri kalla eftir fundi með Sveitarfélaginu Árborg og Grímsnes og Grafningshreppi til að skoða betur fjárfestingu í Kaldárhöfðaverkefninu á árinu 2025.*

3. Framkvæmda- og viðhaldsáætlun fasteigna 2025

Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna kom inn á fundinn og fór yfir drög að viðhalds- og framkvæmdaáætlun ársins 2025.

Sveitarstjóri tók niður punkta nefndarinnar og verður áætlunin lögð fyrir sveitarstjórn í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2025.

4. Önnur mál

Árni Eiríksson oddviti fór yfir ýmis verkefni sem eru framundan hjá sveitarfélaginu.

Verið er að klára deiliskipulag fyrir stækkun á svæðinu í Heiðargerði. Búið er að úthluta öllum lóðum á núverandi svæði.

Verið er að undirbúa íbúðarbyggð við Þingborg. Stefnt á gatna- og veituhönnun á næstu mánuðum þannig að hægt sé að bjóða út verkið og hefja framkvæmdir í vor/sumar 2025.

Fyrirhugað er að byggja við Flóaskóla og huga þarf að stækkun á leikskóla innan fárra ára.

Vilji er til að fara í breytingar á sal í Þingborg til að bæta aðstöðu.

Rætt um að huga þurfi að forgangsröðun fjárfestinga.

Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 19. nóvember kl. 8:00 í Þingborg.

Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra